

Miðvikudaginn 15. febr. 1933.

Nr. 119/1932. **Kristinn Guðnason**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Bjarna Bjarnasyni

(Stefán Jóh. Stefánson).

Krafa stefnda um bætur vegna of skamms uppsagnarfrests í vinnusambandi eigi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. júlí 1932: Stefndir, Kristinn Guðnason og Gunnar Guðnason, greiði báðir fyrir annan og annar fyrir báða, stefnandanum, Bjarna Bjarnasyni, kr. 750,00 með 6% ársvöxtum frá 26. febr. 1932 til greiðsludags og kr. 133,50 í málskostnað, innan fimmtán daga, frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu er aðeins áfrýjað af hálfu stefnda í héraði, Kristins Guðnasonar. Hefir hann krafizt þess, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda, og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Stefndi hefir hér fyrir dómi fært kröfu sína niður í kr. 250,00, eða sem svarar eins mánaðar kaupi frá uppsagnardegi. Hann hefir og krafizt staðfestingar á ákvæði héraðsdómsins um greiðslu málskostnaðar þar og málskostnaðar í hæstarétti.

Um leið og stefndi tók við kaupinu, sem hann kvittaði fyrir 19. nóv. 1931, spurði hann samkvæmt óvæfengdri skýrslu málflytjanda síns hér fyrir dómi, áfrýjanda að því, hvort hann ætlaði ekki að greiða stefnda kaup lengur en til uppsagnardags.

Hafi áfrýjandi neitað því, en stefndi hafi þá sagt, að þeir mundu sjá, hvernig það færi.

Með þessum ummælum hefir stefndi nægilega gefið í skyn, að hann vildi halda óskertum þeim rétti til frekari greiðslu, sem hann kynni að hafa vegna of stutts uppsagnarfrests. Verður stefndi þegar af þessari ástæðu ekki talinn hafa fyrirgert rétti sínum í þessu efni, enda þótt hann setti engan fyrirvara um hann í kvittunina 19. nóv. 1931.

Eins og málið liggur fyrir verður að telja stefnda hafa verið ráðinn við bifreiðastöð áfrýjanda um óákveðinn tíma, en með ákveðnu mánaðarkaupi.

Stefndi virðist því hafa átt rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti. Með því að hann fékk ekki þann frest og ekki er ágreiningur um upphæð mánaðarkaupsins, verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda áðurnefndar kr. 250,00, með 6% ársvöxtum frá 26. febr. 1932 til greiðsludags.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Kristinn Guðnason, greiði stefnda, Bjarna Bjarnasyni, kr. 250,00 með 6% ársvöxtum frá 26. febr. 1932 til greiðsludags, að viðlagðri aðför að lögum. Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti, falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir árangurslausa sáttu tilraun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. marz s. l., af Bjarna Bjarnasyni, bifreiðarstjóra, hér í bæ, gegn Kristni Guðnasyni, bifreiðaeiganda, Óðinsgötu 21 og Gunnari

Guðnasyni, bifreiðaeiganda, Tjarnargötu 43, báðum hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum, að upphæð kr. 750,00 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 26. febr. s. l. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málflytningsmannafélagsins, kr. 133,50.

Málavexti kveður stefnandi þá, að veturinn 1929 hafi hann ráðizt sem bifreiðarstjóri hjá stefndu til óákveðins tíma, og hafi kaupið verið ákveðið kr. 250,00 á mánuði vetrarmánuðina, en kr. 300,00 á mánuði yfir sumarið. Hafi hann síðan unnið óslitið hjá stefndum á bifreiðastöð þeirra hér í bænum þar til 15. nóv. f. á., en þá hafi honum verið sagt upp starfinu fyrirvaralaust og algerlega að ástæðulausu. Telur stefnandi slíka fyrirvaralausa uppsögn óheimila gagnvart sér og heldur því fram, að honum hafi borið þriggja mánaða uppsagnarfrestur, og hefir samkvæmt því höfðað mál þetta til greiðslu kaups yfir tímabilið frá 15. nóv. f. á. til 15. febr. s. l., og nemur það hinni umstefndu upphæð.

Í frumvörn sinni hefir Lárus Jóhannesson hæstaréttarmálaflutningsmaður mótmælt kröfum stefnanda sem röngum og krafizt sýknu fyrir báða hina stefndu og málskostnaðar hjá stefnanda þeim til handa að skaðlausu. Byggir málflytningismaðurinn sýknukröfurnar fyrir stefndan, Gunnar, meðal annars á því, að hann hafi á þeim tíma, sem hin umstefnda krafa hefði átt að verða til, verið genginn úr firmanu Bifreiðastöð Kristins og Gunnars, sem stefndir hafi um nokkurt skeið rekið í félagi, og sé honum skuldin því algerlega óviðkomandi, þó rétt væri. Eftir því, sem fyrir liggur, hefir stefndur Gunnar ekki falið nefndum málflytningsmanni eða nokkrum öðrum vörn málsins fyrir sína hönd. Ber því að dæma málið að því er Gunnar snertir eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, en þar sem það er ekki upplýst gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi verið genginn úr nefndu firma á þeim tíma, sem krafan er talin stofnuð, og stefnanda hafi þá verið það kunnugt eða yfirleitt, að stefndur, Gunnar, hafi nokkra sérstöðu gagnvart stefnanda, að því er snertir tilvist kröfunnar, verður ekki annað séð, en málið eigi að hlíta sömu úrslitum, að því er báða hina stefndu snertir.

Stefndur, Kristinn, byggir mótmæli sín gegn réttmæti hinnar umstefndu skuldar í fyrsta lagi á því, að stefnandi hafi verið ráðinn til ákveðins tíma, og hafi ráðningarsamningurinn verið útrunninn 1. okt. f. á. og hafi því verið heimilt að láta stefnanda fara þá þegar. Eigi að síður hafi hann þó fengið að halda áfram atvinnunni til 19. nóv., en þann dag hafi verið gert upp við hann og honum greitt kaup hans, og hafi hann tekið við því fyrirvaralaust. Það er ekki sannað í málinu gegn mótmælum stefnanda, að um ákveðinn virstartíma hafi verið samið og ekki verður á það fallið hjá stefndum, að stefnandi hafi, með því að taka fyrirvaralaust við kaupi sínu til burtfarardags, er hann fór, fyrirgert rétti sínum til þess að koma síðar fram kröfum sínum á hendur stefndum vegna ólögmætrar uppsagnar, og verða því þessar varnarráðstafanir stefnds, Kristins, ekki teknar til greina.

Þá heldur stefndur, Kristinn, því og fram og reisir sýknukröfu á þeim grundvelli, að það sé föst venja hér í bænum milli bifreiðarstjóra og bifreiðastöðva, að hvor aðila um sig geti sagt upp vinnusambandinu fyrirvaralaust, ef ráðningarsamningur hefir ekki verið gerður til ákveðins tíma og eigi stefnandi því engan rétt á uppsagnarfresti. Stefnandi hefir hinsvegar mótmælt því eindregið að nokkur slík venja sé til hér og stefndur hefir ekki gegn mótmælum hans upplýst, að hún sé fyrir hendi. Verður þessi sýknuástæða stefnds því ekki til greina tekin, heldur þykir verða að fallast á það hjá stefnanda, að hann, eftir starfstíma sínum hjá stefndum og ráðningarkjörum (en það er viðurkennt, að stefnandi hafi verið ráðinn með ákveðnu mánaðarkaupi, og er ekki annað upplýst en ráðningartíminn hafi verið óákveðinn) hafi átt rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests, og verða þá úrslit málsins þau, að taka ber dómkröfur stefnanda til greina að öllu leyti.